

Fimmtudaginn 15. febrúar 1990.

Nr. 143/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Gísla Wendel Birgissyni**

(Ólafur B. Árnason hdl.).

Brenna.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur dómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu. Krefst saksóknari staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða, ökuleyfisviptingu og sakarkostnað, en jafnframt krefst hann þess, að refsing verði þyngd.

Verjandi ákærða gerir þá aðalkröfu, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar ákæru 22. desember 1986, en ákærði verði sýknaður að því er varðar ákæru 17. ágúst 1987. Til vara gerir verjandi þá kröfu, að ákærði verði, ef til sakfellingar kemur, dæmdur til vistunar á viðeigandi hæli með vísan til 62.-65. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til þrautavara er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, enda verði hún skilorðsbundin.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af saksóknara og verjanda, að þess væri ekki krafist, að rétturinn tæki til meðferðar skaðabótakröfur þær, sem fjallað var um í héraði. Koma þær því eigi til álita, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Fallast ber á það, sem í héraðsdómi segir um ákæru 22. desember 1986.

Í ákæru 17. ágúst 1987 er ákært fyrir 7 brennur. Eru málsatvik rakin í héraðsdómi, og þar er að finna skoðunar- og matsgerð dómkvaddra manna og hluta af skýrslu um geðrannsókn.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að almannahætta hafi stafað af öllum þeim íkveikjum, sem um ræðir í ákæru.

Einnig ber að fallast á það með héraðsdómara, að ákærði hafi

unnið til refsingar skv. 164. gr. 1. mgr. sbr. 2. mgr. almennra hegningarlaga vegna íkveikju að Hjallalundi 13, 15 og 17, svo og að Hafnarstræti 88 og Skipagötu 7.

Aðstæður að Eyrarvegi 18 og í bifreiðinni A 1216 voru ekki með þeim hætti að refsað verði með tilvísun til 2. mgr. 164. greinar. Ekki er heldur nægilega sannað, að skilyrði séu til að refsa eftir þessari málsgrein vegna atferlis ákærða í skúr við Hafnarstræti 97. Fer um refsingu fyrir þessi brot eftir 1. mgr. 164. gr. hegningarlaga.

Er ákærði var í skúr við Geislagötu 10, hlaut hann að sjá fyrir, að líklegt var að atferli hans ylli eldsvoða, sem hefði í för með sér almannahættu. Er ljóst, að hann skeytti í engu um hættuna og myndi ekki hafa breytt gerðum sínum, þótt hann hefði talið slíkan eldsvoða langlíklegustu afleiðinguna. Varðar atferlið því við 164. gr. 1. mgr. sbr. 2. mgr. hegningarlaga, en 167. gr. á ekki við um það.

Sýknukrafa verjanda er gerð með tilvísun til 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Á grundvelli umsagnar Sigmundar Sigfússonar yfirlæknis ber að fallast á það með héraðsdómara, að ákærði sé sakhæfur, og verður ofangreindum lagareglum eða 62., 63. og 65. gr. almennra hegningarlaga ekki beitt í máli þessu.

Staðfesta ber refsíákvæði héraðsdóms, ákvörðun um styttingu refsitíma vegna gæsluvarðhalds, ákvæði um ökuleyfisviptingu og um sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Wendel Birgisson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans 26 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu og um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs B. Árnasonar héraðsdómslögmanns, 75.000 krónur.

### Dómur sakadóms Akureyrar 15. júlí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 29. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi, sókn og vörn þann dag, er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 22. desember 1986 og 17. ágúst 1987, „á hendur Gísla Wendel Birgissyni, Tjarnarlundi 12 D, Akureyri, fæddum á Akureyri 16. júlí 1966“.

Fyrri ákæran er fyrir „að taka í heimildarleysi, aðfaranótt laugardagsins 13. september 1986, bifreiðina A-10604 við Gránufélagsgötu 16 á Akureyri og aka henni, undir áhrifum áfengis, um götur kaupstaðarins, uns hann missti bifreiðina í sjóinn fram af svonefndri Sláturhúsbrýggju.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, sbr. lög nr. 20,1956, og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Síðari ákæran er fyrir „eftirgreindar sjö brennur á Akureyri á árunum 1986 og 1987:

#### I.

Föstudagskvöldið 21. mars 1986 um kl. 23.30 farið í heimildarleysi inn í fjölbýlishúsið Hjallalund 13-15-17 og kveikt þar eld í geymslu á jarðhæð í stigagangi nr. 17, og komið sér síðan á brott eftir að eldur varð laus. Ákærði þykir með framangreindum hætti hafa valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en hann uppgötvaðist mjög fljótt af eigendum hússins og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar, en eldurinn hafði þá þegar valdið umfangsmiklu tjóni.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

#### II.

Um miðnætti aðfaranótt fimmtudagsins 8. maí 1986 farið í heimildarleysi inn í skúrviðbyggingu við austurgafhlússins Geislagötu 10 og kveikt þar eld og hraðað sér síðan á brott, þegar buxaskálmur á fötum hans voru farnar að sviðna, án þess að reyna að slökkva eldinn. Þykir ákærði með þessu atferli hafa valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist mjög fljótt og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940. Til vara telst ákærði hafa valdið fyrrgreindum eldsvoða

með gáleysislegri meðferð á eldi í húsinu og brotið þannig gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. sbr. 167. gr. almennra hegningarlaga.

### III.

Aðfaranótt föstudagsins 29. ágúst 1986 um kl. 3.30 farið í heimildarleysi inn í bifreiðageymslu við húsið nr. 18 við Eyrarveg og lagt þar eld í eitthvert dót, sem var í skúrnum og forðað sér á brott, er eldur tók að magnast. Þykir ákærði með framangreindum hætti hafa valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist fljótt og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

### IV.

Sömu nótt nokkrum mínútum síðar lagt eld í hægri framsæti bifreiðarinnar A-1216, sem er af gerðinni Lada Sport þar sem hún stóð á bifreiðastæði fast upp við húsið nr. 3 við Fjólugötu og farið síðan á brott. Þykir ákærði með þessu hafa valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði bifreiðin orðið alelda að innan og eldurinn komist í bensíntankinn, sem er inni í bifreiðinni undir aftursæti hennar, en eldurinn uppgötvaðist fljótt og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, en til vara við 257. gr. sömu laga.

### V.

Að kvöldi föstudagsins 3. október 1986 um kl. 21.00 farið í heimildarleysi inn í geymsluskúr á bak við húsið Hafnarstræti 97 og lagt þar eld í rusl og hraðað sér síðan á brott eftir árangurslausa tilraun til að slökkva eldinn, er eldurinn tók að magnast. Þykir ákærði með framangreindum hætti hafa valdið hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist fljótt og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

### VI.

Laugardaginn 17. janúar 1987 laust fyrir kl. 19.30 farið í heimildarleysi inn í ruslageymslu við húsið nr. 88 við Hafnarstræti, lagt þar eld í papparusl og farið síðan á brott og þannig stofnað lífi þeirra, er í húsinu voru, níu að tölu, í bersýnilegan háska. Auk þess olli verknaður ákærða augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn

náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist fljótt af starfsmanni Hitaveitu Akureyrar, sem hafði slökkt eldinn með handslökkvitæki, er Slökkvilið Akureyrar kom á vettvang.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

## VII.

Laugardagskvöldið 31. janúar 1987 laust eftir kl. 20.00 farið í heimildarleysi inn í kyndiklefa á 1. hæð við austurvegg hússins nr. 7 við Skipagötu, lagt þar eld í ruslapoka og farið síðan á brott og þannig stofnað lífi þeirra, er í húsinu voru, þriggja að tölu, í bersýnilegan háska. Auk þess olli verknaður ákærða augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist mjög fljótt og var slökktur af íbúa hússins.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Dómkröfur ákæruvaldsins eru, að ákærði verði sakfelldur skv. ákæru og dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar, til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlaun, er renna í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krefst sýknu og ef ekki, þá verði hann dæmdur í vægustu refsingu og gæsluvarðhaldsvist komi til frádráttar, svo og krefst hann málskostnaðar að mati dómsins eða skv. málskostnaðarreikningi.

### *Málavextir.*

#### *Um fyrri ákærna:*

Laugardaginn 13. september 1986 um klukkan 1.00 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að bifreiðinni A-10604 hefði skömmu áður verið stolið frá Gránufélagsgötu 16.

Lögreglan hóf strax leit að bifreiðinni, og orðsendingar voru birtar í útvarpi, en án árangurs.

Þann 11. október s.á. ákvað svo lögreglan að fá mann til að kafa fram undan bryggjum bæjarins til að leita bifreiðarinnar. Bifreiðin fannst svo við þessa leit á um tíu metra dýpi fram undan svonefndri Sláturhúsbyggju á Akureyri.

Vitnin H.J. og kona hans, G.A., voru yfirheyrd vegna þessa máls, og kváðust þau hafa setið og spjallað fram á nótt í íbúð sinni umrætt kvöld. Um klukkan 2.00 hafi þau séð, hvar ljósri bifreið var ekið á mikilli ferð austur Gránufélagsgötu. Skömmu síðari hafi þau séð, hvar maður kom

haltrandi til baka og að húsi nr. 55 við Gránufélagsgötu. Bæði töldu sig þekkja manninn fyrir Ingólf Birgisson, bróður ákærða.

Vitnið Stefán Jónsson er húsráðandi að Gránufélagsgötu 55. Vitnið kveðst hafa vaknað við það umrædda nótt, að bankað var á útidyr efri hæðar húss hans. Hann hafi farið til dyra, og þar fyrir utan hafi staðið drengur, sem hann hafi þekkt fyrir son Birgis Wendels. Drengurinn hafi sagst vera meiddur á fæti og að keyrt hafi verið á sig niðri á bryggju. Vitnið vildi ekki hleypa drengnum inn, en bauðst til að hringja á lögregluna, en það vildi drengurinn ekki og fór við svo búið.

Vegna vættis þessara vitna beindist nú grunur að bróður ákærða, Ingólfi Wendel, og var hann handtekinn og yfirheyrdur, en neitaði staðfastlega öllum sakargiftum. Eftir þetta kom í ljós, að vitni málsins hefðu hugsanlega ruglað saman þeim bræðrum, Gísla og Ingólfi, og var Gísli nú færður til yfirheyrslu. Ákærði neitaði í fyrstu öllum sakargiftum, en þar kom, að hann breytti framburði sínum og játaði að hafa stolið umræddri bifreið og ekið henni fram af Sláturhúsbryggjunni og verið undir áfengisáhrifum.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Sjóváttryggingafélag Íslands var dæmt í sjálfstæðu einkamáli þ. 9.11. 1987 til að greiða eiganda bifreiðarinnar skaðabætur vegna þessa verkn-aðar, kr. 65.000, auk vaxta og málskostnaðar, en hefur ekki uppi skaðabótakröfu í máli þessu.

*Síðari ákæran.*

*Um ákærulið I.*

Föstudaginn 21. mars 1986 um klukkan 23.43 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að reykur væri í stigagangi hússins nr. 17 við Hjallalund, sem er 4 hæða íbúðablokk og 10 íbúðir á stigaganginum og íbúar 29. Þegar lögreglan kom á vettvang, kom í ljós, að eldur var laus í einni af geymslunum á jarðhæð hússins. Slökkvilið Akureyrar kom á vettvang skömmu síðar, og tókst því að ráða niðurlögum eldsins. Augljóst þótti, að þarna hefði verið um íkveikju að ræða.

Vitni, sem yfirheyrð voru vegna málsins, m.a. íbúar í nefndu húsi, töldu sig ekki hafa orðið vör við neinar grunsamlegar mannaferðir þetta kvöld.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 3. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði að hafa kveikt í umræddri geymslu í nefndu fjölbýlishúsi. Hann hefði verið all-ölvaður og á leið heim til sín, er hann hefði rekist inn í hús þetta án þess að geta gefið skýringu á því hvers vegna. Hann hefði dvalist um stund í geymslunni, sem hann hefði komið að ólæstri. Ákærði kvaðst hafa haft sigarettukveikjara meðferðis og með honum hefði hann borið eld að dóti þarna í geymslunni og síðan komið sér í burtu.

Samkvæmt áliti dómkvaddra matsmanna er talið fullvist, að ef eldurinn

hefði ekki uppgötvast svo fljótt sem raun varð á, hefðu geymslurnar allar á ganginum, þar sem umrædd geymsla er, fljótt orðið alelda. Undankoma fyrir íbúana á hæðunum fyrir ofan hefði þó verið tiltölulega greið yfir í næsta stigahús eftir svölum, sem eru utan á húsinu. Ekki var talin hætta á, að eldurinn hefði getað breiðst út til nærliggjandi húsa.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Brunabótafélag Íslands greiddi kr. 336.594 vegna tjóns á fasteigninni og kr. 43.672 vegna lausafjár, eða alls kr. 376.159, og krefur ákærða um endurgreiðslu þessara tjónabóta.

### *Um ákærulið II.*

Fimmtudaginn 8. maí 1986 klukkan 0.15 kom maður á slökkvistöðina á Akureyri og tilkynnti um eld í Geislagötu 10. Húsið er ein hæð og hátt ris, byggt úr timbri með steinsteyptri jarðhæð með steinsteyptri plötu yfir, alls 1649 m<sup>3</sup>. Slökkviliðið hélt þegar á vettvang, og gekk greiðlega að ráða niðurlögum eldsins, sem var aðallega í teppaströngum á gólfi byggingarinnar. Engin vitni urðu að íkveikju þessari, en við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 5. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði að hafa verið valdur að bruna þessum. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður og að hann hefði farið inn í skúrinn til að sniffa kveikjaragas, sem hann noti til að komst í vímu. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað um eld, fyrr en hann hefði orðið þess var, að buxnaskálmur hans hefðu verið farnar að sviðna. Ákærði kvað ljóst, að eldurinn hefði kviknað af hans völdum, en það hefði ekki verið ætlun sín að kveikja þarna í, og hefði þetta verið óviljaverk. Ákærði kveðst ekki hafa reynt að slökkva eldinn, vegna þess að hann hafi verið í vímu, og þegar hann noti vímuefni, ekki síst gasið, þá geri hann oft ekki greinarmun á draumi og veruleika.

Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna verður að telja víst, að ef eldsins hefði ekki orðið vart jafnfljótt og raun varð á, hefði hann breiðst út til annarra hluta hússins. Vindstaða jök og hættuna, en samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var austanstæður vindur 3 vindstig.

Þar sem enginn bjó í húsinu, voru mannlíf ekki í hættu.

Ákærði hefur staðfest játningu sína hér fyrir dómi.

Ekki er gerð bótakrafa vegna þessarar íkveikju.

### *Um ákæruliði III. og IV.*

Föstudaginn 29. ágúst 1986 kl. 3.40 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um eld í bílskúr við hús nr. 18 við Eyrarveg. Bílskúrinn er úr timbri, 32 m<sup>2</sup>, stakstæður og tengdur íbúðarhúsi, steinsteyptu á einni hæð með 3,6 m timburvegg.

Slökkvilið Akureyrar kom á staðinn og slökkti eldinn, en miklar

skemmdir urðu á bílskúrnum. Nokkrum mínútum síðar var tilkynnt um annan eld þarna í grenndinni, og þar reyndist vera kviknað í bíl við hús nr. 3 við Fjólugötu. Slökkviliðið sá einnig um að ráða niðurlögum þess elds.

Ekkert þeirra vitna, sem yfirheyrð voru vegna þessa máls, hafði orðið vart við grunsamlegar mannaferðir eða gat gefið upplýsingar, sem leitt gætu til handtöku hugsanlegs íkveikjumanns.

Ákærði var yfirheyrður vegna þessara eldsvoða, og taldi hann sig engar upplýsingar geta gefið varðandi þá.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu þann 3. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði loks að hafa verið valdur að báðum þessum íkveikjum. Ákærði kvaðst hafa verið mjög drukinn og verið í samkvæmi að Fjólugötu 10 þá um nóttina. Hann hefði gengið út til að fá sér ferskt loft, en ekki haft neitt sérstakt í hyggju. Hann hefði gengið um stund og þá komið að opinni hurð á bifreiðageymslu hússins nr. 18 við Eyrarveg. Þar hefði hann farið inn og borið eld að einhverju dóti, sem þar var, án þess að geta útskýrt hvers vegna. Ákærði sagði, að það hefði logað töluvert, þegar hann yfirgaf staðinn. Ákærði gekk svo fram hjá húsi nr. 3 við Fjólugötu og tók þá eftir bifreiðinni A-1216, sem er af gerðinni Lada Sport, og hafi hún staðið í bifreiðastaði við nefnt hús. Bifreiðin hefði verið ólæst, og hefði hann borið eld að framsæti hennar, en getur ekki útskýrt, hvers vegna hann hafi gert þetta. Að þessu loknu kvaðst ákærði hafa forðað sér aftur inn í samkvæmið að Fjólugötu 10.

Síðar, þegar slökkviliðið var komið á vettvang, hefði hann farið ásamt fleirum og fylgst með slökkvistarfinu.

Samkvæmt vottorði dómkvaddra matsmanna var töluverð hætta á, að eldurinn bærist úr bifreiðageymslunni við Eyrarveg 18 inn í sjálft íbúðarhúsið, en að öllum líkindum hefðu íbúarnir átt nokkuð auðvelda undankomuleið. Útbreiðsluhætta til annarra húsa var ekki talin vera fyrir hendi.

Varðandi eldinn í bifreiðinni var aðalhættan talin vera sú, að eldurinn næði í bensíntank hennar, og þá eru nokkrar líkur til, að hann hefði getað borist í húsið Fjólugötu 3.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Fyrir liggur bótakrafa frá Guðmundi Knutsen, eiganda bifr. A-1216, að fjárhæð kr. 41.978, og Brunabótafélagi Íslands vegna útlagðra bótagreiðslna á fasteigninni Eyrarvegi 18, kr. 95.450, og vegna tjóns á lausafé, kr. 110.534, eða alls kr. 205.984.

#### *Um ákærulið V.*

Föstudaginn 10. október 1986 um klukkan 21.05 urðu lögreglumenn á eftirlitsferð varir við eld í skúr vestan við hús nr. 97 í Hafnarstræti á Akur-



eyri. Skúrinn er ein hæð, steinhús um 60 m<sup>2</sup> með timburpaki, klæddu bárujárn.

Slökkviliðinu var gert viðvart, og réð það niðurlögum eldsins skömmu síðar. Allmiklar skemmdir urðu við brunann, en þó tókst að forða því (sic), að skemmdir yrðu á nærliggjandi húsum.

Ákærði var yfirheyrður vegna þessa máls, en hann kvaðst hafa fylgst með slökkvistarfinu smástund, en að öðru leyti engar upplýsingar geta gefið, sem að gagni gætu komið í málinu. Önnur vitni, sem yfirheyrð voru vegna málsins, töldu sig ekki heldur geta gefið neinar upplýsingar, sem gætu orðið til að varpa ljósi á málið. Við yfirheyrslu hjá lögreglunni mánu-daginn 2. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði að hafa verið valdur að íkveikj-unni í skúr þessum. Hann hefði verið undir áhrifum áfengis og annars vímugjafa og verið á ferð í miðbænum og hefði keypt sér bauk af kveikj-aragasi og farið með hann inn í umræddan skúr til að sniffa úr honum. Þegar hann var búinn úr bauknum, hefði hann ætlað út, en á leiðinni hefði hann séð það, sem hann telur vera ofsjónir, þ.e. að einhverjir menn hafi verið að angra hann. Sér hafi þá dottið í hug að kveikja eld til þess að hræða þessa menn. Eftir að eldur varð laus, kveðst ákærði hafa reynt að slökkva hann, en ekki tekist og hann þá orðið hræddur og hraðað sér í burtu. Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna var sambrunahætta ekki mikil milli skúrs þessa og nærliggjandi húss, en hins vegar mikil hætta á reykskemmdum.

Ekki er sannað, að fólki hafi staðið hætta af bruna þessum.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dóminum.

Vegna brunaskemmda á Hafnarstræti 9 greiddi Brunabótafélag Íslands bætur, samtals kr. 229.000, og endurkrefur ákærða um þá fjárhæð.

#### *Um ákærulið VI.*

Laugardaginn 17. janúar 1987 um klukkan 19.30 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að eldur væri laus í ruslageymslu við norðaustur-horn bak við íbúðarhúsið Hafnarstræti 88, Akureyri.

Þegar lögregla og slökkvilið komu á staðinn, hafði eldurinn verið slökktur af starfsmanni Hitaveitu Akureyrar. Litlar skemmdir urðu af eldi þessum. Húsið er tveggja hæða timburhús með háu íbúðarrisi og steypum kjallara. Loft yfir kjallara er úr timbri. Húsið er klætt bárujárn. Húsið er 216 m<sup>2</sup> að grunnfleti og rúmmál 2274 m<sup>3</sup>. Í húsinu voru 4 verslanir, gistiheimili og 3 íbúðir.

Þann 4. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði við yfirheyrslu, að hann hefði verið valdur að íkveikju þessari. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður við þetta tækifæri. Hann kvaðst hafa verið að reyna að komast einhvers staðar inn til að sniffa kveikjaragas. Hann hefði verið einn á ferð og komist inn í

umrædda skúrbyggingu og dvalist þar allt að einni klukkustund. Ákærði kvaðst svo hafa kveikt í papparusli þarna inni á leið sinni út, en getur ekki skýrt, hvers vegna hann gerði það.

Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna var veruleg hætta á því í þessu tilviki, að eldurinn bærist í fótstykki hússins og þaðan í húsið sjálft, sem er timburhús, en þar voru allir íbúarnir heima, eða alls níu manns. Ljóst er, að þetta fólk muni hafa verið í stórhættu. Sömuleiðis er talin hafa verið veruleg hætta á útbreiðslu elds til nærliggjandi húsa, sem einnig eru timburhús. Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Ekki var gerð bótakrafa út af þessari íkveikju.

### *Um ákærulið VII.*

Föstudaginn 31. janúar 1987 um klukkan 20.20 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að gerð hefði verið tilraun til að kveikja í gömlu dóti í kyndiklefa á neðstu hæð hússins nr. 7 við Skipagötu á Akureyri. Húsið er þriggja hæða steinhús og í því verslun, íbúð og skrifstofa. Íbúar 2.

Vitnið Rúnar Sigtryggsson varð eldsins fyrst vart, en hann var í heimsókn hjá ömmu sinni, sem býr í Skipagötu 7. Vitnið skýrði svo frá, að hann hefði komið í húsið um klukkan 20.00, og þegar hann hefði opnað útidyrnar, hefði þar verið fyrir maður, sem hefði sagst vera að biða eftir vini sínum. Maðurinn hefði verið ölvaður, og vitnið kvaðst hafa vísað honum út. Vitnið kvaðst síðan hafa farið upp til ömmu sinnar og sagt henni frá þessu. Hún hefði þá beðið vitnið að fara niður aftur og læsa útidyrnum. Á leið niður aftur kvaðst vitnið hafa fundið brunalykt og við athugun komist að því, að hún var af gömlu dóti, sem logaði í í kyndiklefa á neðstu hæð. Vitnið lét vita af eldinum og tókst svo með öðrum manni þarna úr húsinu að ráða niðurlögum hans.

Vegna lýsingar vitnisins á manni þeim, sem hann vísaði á dyr í Skipagötu 7 umrætt kvöld, beindist nú grunur að ákærða í máli þessu, Gísli Wendel Birgissyni. Ákærði var kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu, og þann 2. febrúar 1987 viðurkenndi hann við yfirheyrslur, að hann hefði verið valdur að íkveikju þeirri, sem hér um ræðir.

Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna voru verulegar líkur til, að reykur hefði getað teppt algjörlega niðurgöngu úr húsinu, ef eldur hefði náð að magnast, en ekki miklar líkur, að hann hefði borist upp stigann að íbúðinni, en svalir eru á íbúðinni, en ekki hægt að komast niður af þeim af eigin rammleik.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Ekki er gerð bótakrafa út af íkveikju þessari.

Hér í dóminum þann 18. febrúar 1987 voru þeir Gísli Ólafsson, fyrrv.

yfirlögregluþjónn, og Tómas Búi Böðvarsson slökkviliðsstjóri dómkvaddir til þess að svara eftirgreindum atriðum vegna framangreindra bruna:

- a) Var hætta á, að eldur breiddist út til annarra húshluta?
  - b) Var hætta á, að eldur breiddist út til nærliggjandi húsa?
  - c) Var hætta á yfirgripsmikilli eyðingu eigna, ef ekki hefðu komið til sérstakar slökkviráðstafanir?
  - d) Var mannlífum stefnt í háska?
- Þann 23. mars 1987 skiluðu þeir eftirgreindri álitsgerð:

„1. *Hjallalundur 17, þann 21. mars 1987 kl. 22.43.*

Veður: Norðvestan 2 vindstig.

Í skýrslu rannsóknarlögreglunnar kemur fram lýsing á aðstæðum á eldstað. Þar kemur m.a. fram, að 4 geymslur eru við gang, sem liggur frá stigahúsinu til vesturs. Eldsupptök voru í næstvestustu geymslunni tilheyrandi íbúð G, en veggirnir milli geymslnanna og að ganginum eru úr timbri. Mikill eldsmatur var því í geymslunum, bæði í dóti, sem þar var geymt, og eins í veggjunum.

Hurð milli stigahúss og geymslugangsins var venjuleg timburhurð og mun hafa staðið opin. Stigahandrið í stigahúsi var úr timbri. Ennfremur voru gólfín í stigahúsinu og stigin teppalögð. Hurðir að íbúðum voru venjulegar innihurðir úr timbri (ekki B-30 eldtefjandi hurðir). Ekki var opnanlegur gluggi á stigahúsinu.

Telja má fullvíst, að ef slökkvistarf hefði ekki hafist svo fljótt sem raun varð á, hefðu allar geymslurnar við umræddan gang fljótt orðið alelda. Þaðan hefði eldurinn auðveldlega getað borist út í stigahúsið og síðan eftir handriði og teppum upp eftir því.

Eins eru líkur á, að gluggar á geymsluganginum og vestustu geymslunni hefðu brotnað og eldtungur staðið þar út. Hefði slíkt skeð, er möguleiki á, að undankoma um svalir fyrir ofan hefði getað orðið erfiðari, sérstaklega á 2. hæð.

Þar sem dyrnar milli geymslugangsins og stigahússins munu hafa verið opnar, barst reykurinn strax við eldsupptökin fram í stigahúsið og upp eftir því. Íbúar hússins urðu því varir við eldinn tiltölulega fljótt, þar sem hann þrengdi sér inn í íbúðirnar meðfram hurðunum og flestir voru enn á ferli.

Það mikill reykur barst inn í íbúðirnar, að fólk flúði út á svalir og eftir þeim að næsta stigahúsi, eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarlögreglunnar. Fæstir íbúar hússins, sem heima voru, munu hafa verið gengnir til náða, þegar eldurinn kom upp.

Eins og á stóð og rakið hefur verið hér að framan, mun ekki hafa verið bráð hætta fyrir íbúa hússins, þar sem undankomuleiðir voru svo greiðar sem raun var og fólk almennt á fótum.

Engir virkir reykskynjarar voru í húsinu.

Hætta á, að eldurinn breiddist til nærliggjandi húsa, er nánast ekki fyrir hendi.

## 2. Geislagata 10, þann 8. maí 1986 kl. 0.15.

Veður: Austan 3 vindstig.

Húsið er ein hæð og hátt ris, byggt úr timbri með steinsteyptri jarðhæð með steinst. plötu yfir. Húsið er járnklætt nema jarðhæðin. Sömuleiðis er þakið járnklætt. Grunnflötur hússins er um 200 m<sup>2</sup>, og alls er húsið um 1649 m<sup>3</sup>. Við austurgafli hússins er steinsteypt viðbygging (skúr) með timburþaki, klæddu bárujárn. Ofan við eða ofan á þakinu er stigi og stiga-pallur úr timbri við eina innganginn á 1. hæðina.

Eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarlögreglu, er húsið að mestu notað til geymslu nema skrifstofa í suðvesturhorni jarðhæðar. Enginn bjó í húsinu. Í viðbyggingunni austan við húsið, þar sem eldurinn kom upp, var mjög mikill eldsmatur, m.a. nokkrir stórir hjólbarðar og teppa-afgangar.

Telja verður víst, að ef eldsins hefði ekki orðið vart eins fljótt og raun varð á, hefði hann fljótt breiðst út til stiga og stigapalls ofan við þak viðbyggingarinnar og þaðan í dyr og veggi hússins.

Vindstaðan á þessum tíma jók hættuna.

Vegna umferðar í kring og nálægðar slökkvistöðvar eru líkur til, að eldsins hefði orðið vart nægilega snemma, til að nærliggjandi húsum stafaði ekki hætta af.

Þar sem enginn bjó í húsinu, voru mannslíf ekki í hættu.

## 3. Eyrarvegur 18, bifreiðageymsla, 29. ágúst 1986 kl. 3.40.

Veður: Logn.

Bifreiðageymslan er 32 m<sup>2</sup> og 75 m<sup>3</sup> að stærð, byggð úr timbri, stakstæð, en tengd íbúðarhúsinu með um 3,6 metra löngum timburvegg.

Á veggnum næst bílageymslunni er dyraop.

Íbúðarhúsið er steinhús, 1 hæð, með járnklæddu valmaþaki úr timbri. Stærð hússins er um 120 m<sup>2</sup> og 376 m<sup>3</sup>.

Ekki var bifreið í geymslunni né heldur á bílastæðinu framan við, en mikið dót var þar inni. M.a. voru þar geymd bíldekk, og brunaálag var mikið.

Ef eldsins hefði ekki orðið vart svo fljótt sem raun varð á, er nokkur hætta á, að hann hefði borist eftir timburveggnum í þakskegg og þak íbúðarhússins.

Dyr eru á norðurhlið hússins og aðrar á austurhlið þess. Einnig eru dyr út á sólpall að sunnan. Að öllum líkindum hefðu íbúarnir átt nokkuð

auðvelda undankomuleið um dyrnar að norðan eða austan, enda þótt eldurinn hefði komist í þakið.

Útbreiðsluhætta til annarra húsa er vart fyrir hendi, enda kyrrt veður.

4. *Bifreiðin A-1216 við Fjólugötu 3, þann 29. ágúst 1986 kl. 3.55.*

Veður: Logn.

Bifreiðin A-1216 er af gerðinni Lada Sport, árgerð 1978.

Eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarlögreglu, stóð bifreiðin um 90-100 sm frá austurstafni hússins, sem er steinsteypt, kjallari og hæð. Á austurstafni hússins eru dyr á kjallara og yfir þeim gluggi á 1. hæð.

Eldurinn var í hægra framsæti bifreiðarinnar og þakinu þar yfir.

Ef eldurinn hefði ekki uppgötvast svo snemma sem raun varð á, eru líkur til þess, að bifreiðin hefði orðið alelda að innan og eldurinn þá fljótt komist í bensintankinn, sem er inni í bifreiðinni undir aftursæti hennar. Ef það hefði skeð, stafaði húsinu nokkur hætta af, einkum vegna nálægðar bifreiðarinnar við glugga og hurð á austurstafni hússins.

Líkur eru á, að aðdragandinn að því, að eldurinn næði í dyr og glugga hússins, hefði verið það mikill, að íbúar hússins hefðu ekki verið í mikilli hættu.

Ólíklegt er, að eldurinn hefði náð til annarra nærliggjandi húsa.

5. *Hafnarstræti 97, bakhús, þann 3. október 1986 kl. 21.05.*

Veður: SSA 3 vindstig.

Húsið var einnar hæðar steinhús, um 60 m<sup>2</sup> og 180 m<sup>3</sup> að stærð, með timburþaki, klæddu bárujárnri. Húsið stendur í lokuðu porti bak við húsið Hafnarstræti 97, sem er að mestu tveggja hæða timburhús á steiptum kjallara eða jarðhæð. Um 5.2 m eru milli húsanna. Bakhúsið var notað sem geymsla.

Í framhúsinu (aðalhúsinu) er bókaerslun með tilheyrandi lager og einnig íbúð, þar sem ein kona býr. Hún var ekki heima þetta kvöld.

Sambrunahætta milli bakhúss og aðalhúss var ekki mikil, eins og háttaði til með veður, en mikil hætta á reyskemmdum, bæði í framhúsinu og eins í Hafnarstræti 99. Á lóðarmörkum að norðan og sunnan eru steinsteyptir eldvarnarveggir.

6. *Hafnarstræti 88, þann 17. janúar 1987 kl. 19.30.*

Veður: Sunnan um 4 vindstig.

Húsið er tveggja hæða timburhús með háu íbúðarrisi og á steiptum kjallara. Loft yfir kjallara er úr timbri. Húsið er klætt járn að utan nema kjallari. Á þaki er bárujárn. Stærð hússins er um 216 m<sup>2</sup> að grunnfleti og um 2.274 m<sup>3</sup> að rúmmáli.

Í kjallara eru 2 verslanir. Einnig eru 2 verslanir á 1. hæð. Á 2. hæð er gistiheimili að norðan, en íbúð að sunnan. Í risinu eru 2 íbúðir, önnur að norðan, hin að sunnan. Inngangur í kjallarann er að vestan, en á aðrar hæðir á stöfnum að norðan og sunnan fyrir hvorn enda hússins. Húsinu er skipt í miðju með timburvegg neðan frá og upp úr. Neyðardyr eru á þessum vegg, bæði á 2. hæð og í risi.

Geymslan, þar sem eldurinn var kveiktur, er nyrst, utan við austurhlið hússins, um 3,8 m<sup>2</sup> að stærð og byggð úr steinsteypu með steinsteypu lofti yfir. Aðeins er utangengt í geymsluna. Timburfótstykki aðalhússins er óvarið efst í vesturvegg geymslunnar. Meðfram fótstykkinu í suðurvegg geymslunnar er op út, sem stafar af rýrnun og fúa í fótstykkinu.

Eftir upplýsingum Tómasar Hanssonar, tæknifulltrúa Hitaveitu Akureyrar, er fyrstur kom að eldinum og slökkti hann, lágu pappaubúðir upp við vegginn að norðan og í geymslunni ásamt allstórri trégrind. Á gólfi munu hafa legið trépallar. Samkvæmt frásögn Tómasar var eldurinn í pappanum neðarlega, en hafði enn ekki náð í trégrindina, þegar hann kom að og slökkti.

Ef ekki hefðu komið til slökkviaðgerðir svo fljótt sem raun varð á, eru líkur til, að eldurinn hefði náð til fótstykkis hússins og þaðan borist í húsið sjálft.

Eins og fram kemur hér að framan, eru verslanir bæði í kjallara og á 1. hæð hússins, og þar mun enginn hafa verið, þegar eldurinn varð laus. Svo mun einnig hafa verið í gistiheimilinu á 2. hæð að norðan. Þar af leiðandi eru líkur á, að eldsins hafi ekki orðið vart strax af íbúum hússins. Þá er þess að geta, að þótt fjölfarin gata sé austan við húsið, skyggir hús Hitaveitu Akureyrar á. Rétt er þó að taka fram, að eftir upplýsingum Tómasar Hanssonar munu einhverjir starfsmenn hafa verið á skrifstofu hitaveitunnar á þessum tíma. Ekki er okkur þó kunnugt, hvar í húsinu þeir voru.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar munu allir íbúar þeirra þriggja íbúða, sem eru í húsinu, hafa verið heima, alls 9 manns.

Undankomuleiðir úr húsinu eru, eins og áður hefur komið fram, m.a. dyr milli suður- og norðurhluta bæði á 2. hæð og í risi. Því eru líkur á, að fólk hefði getað bjargað sér um suðurstiga hússins og þar út.

Telja má víst, að ef eldurinn hefði komist í húsið, hefði hann fyrst breiðst út um norðurhluta þess, bæði vegna eldsupptaka og vindstöðu.

Um möguleika slökkviliðsins til að hefta útbreiðslu elds í svona stóru timburhúsi er erfitt að segja, en þeir minnka augljóslega með hverri mínútu, sem liður.

Hætta á útbreiðslu elds til nærliggjandi húsa er fyrir hendi, ekki síst þar sem næsta hús norðan við er einnig úr timbri.

7. *Skipagata 7, þann 31. janúar 1987 kl. 20.20.*

Veður: SSA 3-4 vindstig.

Húsið er þriggja hæða steinsteypur húsið, sambyggt húsi nr. 5 við sömu götu. Steinsteypur eldvarnarveggur er á milli húsanna. Á 1. hæð er verslun, en íbúð og skrifstofur á 2. hæð. Á 3. hæð er íbúð. Enginn er til heimilis í íbúðinni á 2. hæð, aðeins gistihvergi. Á 3. hæð býr tvennt. Kyndiklefinn, þar sem eldurinn kom upp, er við austurvegg hússins á 1. hæð. Þar var töluverður eldsmatur, m.a. 4 bíldekk.

Ef eldurinn hefði ekki uppgötvað á byrjunarstigi, eru verulegar líkur á, að reykurinn hefði fyllt stigaganginn og teppt algjörlega niðurgöngu þar. Svalir eru á austurhlíð hússins, á 2. og 3. hæð er enginn útbúnaður til að komast þar niður fyrir fólk af eigin rammleik.

Ekki eru miklar líkur á, að eldurinn hefði borist upp stigann að íbúðunum.“

Ákærði var úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi frá 4. febrúar 1987 til 2. mars 1987 og að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Rannsóknina gerði Sigmundur Sigfússon yfirlæknir, sérfræðingur í geðlækningum, og er skýrsla hans, dagsett 26. júní 1987, bæði nákvæm og yfirgripsmikil og er ágrip og mat hans á ákærða svo og niðurstaða um sakhæfi þannig:

### „III. Ágrip og mat.

Hinn rannsakaði, Gísli Wendel Birgisson, er 21 árs gamall Akureyringur. Allt frá barnæsku hefur hann átt við að stríða ónóga hvatastjórn (impuls control) og vanþroskað tilfinningalíf. Viðleitni foreldra og skóla til uppeldis og fræðslu hefur að litlu leyti nýst honum. Sennilega hefur Gísli oft upplifað höfnun í uppvextinum. Greind er í löku meðallagi, þó innan eðlilegra marka. Sjálfsmynd er í molum.

Ótæpileg neysla áfengis og lífrænna leysiefna undanfarin ár hafa enn ýtt undir og ýkt persónuleikatrufun af andfélagslegum toga. Skortur á sjálfstjórn og víma veldur því, að hvatir fá útrás á afbrigðilegan og hættulegan hátt. Honum er sennilega nautn í því að svala innibýrgðri, ómeðvitaðri gremju á sjálfum sér og öðrum. Gísli hefur næga greind og dómgreind til að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna, þótt rökvísi sé nokkuð ábótavant. Rök eru fyrir því að reyna langvarandi geðlækni meðferð eða sálfræðimeðferð, sem beinast ætti að uppbyggingu persónuþroska og tilfinningalífs. Gísli er sér ekki meðvitaður um þörf sína fyrir meðferð. Þó að svo yrði síðar, þá er slík meðferð bæði svo vandasöm og langvinn, að erfitt yrði að koma henni við hérlandis vegna skorts á viðeigandi stofnun. Er þá höfð í huga stofnun, þar sem stunduð væri meðferð og enduruppeldi fólks í þessum aldursflokki.

#### *IV. Niðurstaða.*

Hinn rannsakaði er að öllum líkindum haldinn íkveikjuárattu (pyromania, ICD 312.2), áráttubundnu, alvarlegu hegðunarafrígðði, sem hjá þessum manni fær fyrst og fremst útrás, þegar hvatastjórn hans er veikluð af vímuefnum.

Enn fremur er maðurinn haldinn drykkjusýki og fíkníþefjun lífrænna leysiefna og gass (abusus alcoholi, solventis industrialis et gasis petrolei, ICD 303 og 304.6). Að baki þessu hvoru tveggja liggur alvarleg skapgerðartruflun, geðveiluskapgerð (persona pathologica antisocialis, ICD, 301.7).

Framangreindar geðtruflanir hafa leitt hinn rannsakaða mann í slíkar ógöngur, að sjálfsmýnd hans hefur sífellt orðið neikvæðari, og hefur það með öðru ýtt undir þunglyndiseinkenni og sjálfseyðingarhvöt.

Ekkert bendir til þess, að hinn rannsakaði hafi verið haldinn alvarlegri geðveiki (psychosis), er hann framdi afbrot þau, sem hann er ákærður fyrir. Hann var þá, að því er upplýst hefur verið, undantekingarlaust undir eitrunaráhrifum vínanda og oft einnig kveikjaragass, sem hinn rannsakaði hafði byrjað að taka inn sjálfviljugur og vitandi vits. Með hliðsjón af vitnisburði hins rannsakaða í yfirheyrslum lögreglu og dómara og einnig í viðtölum við geðlækni og sálfræðing verður að draga í efa, að dómgreind og meðvitund hans hafi verið svo slævð af vímuefnum, þegar hann kveikti eldana, að hann mætti ekki vita eða gruna, hvaða áhættu hann tók með athæfi sínu.

Líkur á endurtekningu athæfis af þessu tagi af hendi hins rannsakaða myndu að mati undirritaðs verða verulega minni, ef hann hætti algerlega neyslu allra vímuefna.“

#### *Niðurstaða dómsins.*

Með skýlausum játningum ákærða, sem eru í samræmi við það, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir, og sú háttsemi réttilega heimfærð til viðeigandi refsíákvæða. Varðandi ákærulið II í síðari ákær-unni er ákærði sýknaður af aðalkröfu ákæruvaldsins, en sakfelldur af vara-kröfunni. Að öðru leyti er ákærði sakfelldur samkvæmt öllum aðalkröfum ákæruvaldsins.

Fyrir liggja í málinu bótakrafa frá Brunabótafélagi Íslands, samtals að fjárhæð kr. 811.143, og Guðmundi Knutsen, Fjólugötu 3, Akureyri, að fjárhæð kr. 41.978. Eru kröfur þessar studdar fullnægjandi gögnum og dómtækar og eru teknar til greina að fullu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:



- 1984 5/10 á Akureyri. Dómur: 3 mán. fangelsi, skb. 2 ár, og 30.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 200. gr. sbr. 202. gr. og 1. mgr. 203. gr. hgl. og 45. gr. l. nr. 53,1966.
- 1984 17/11 á Akureyri. Sátt: 500 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1986 18/11 á Akureyri. Sátt, 13.000 kr. sekt f. brot g. 1. og 2. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 4 mán. frá 18/11 1986.

Ákærði er að mati dómsins sakhæfur og öll brotin framin af ásetningi fyrir utan íkveikjuna að Geislagötu 10, sem dómurinn telur eina gáleysis-brotið af öllum brennubrotunum, og þeir verknaðir réttilega heimfærðir undir 1. sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Refsilækkunarástæður 74. og 75. gr. þykja ekki koma hér til álita.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 4. febrúar 1987 kl. 12.59 til 2. mars 1987 kl. 13.00, samtals 26 dagar.

Varðandi nytjastuld og ölvunarakstur ákærða 13. september 1987 á bifreiðinni A-10604 þykir sekt ákærða að fullu sönnuð með játningu hans og brotið réttilega fært til þágildandi lagaákvæða í ákæruskjali, og varðar háttsemi ákærða auk ívitnaðra hegningarákvæða við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, er svarar til 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, en samkv. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, ber nú að dæma um brot ákærða eftir umferðarlögum nr. 50,1987.

Með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga er ökuleyfisvipting ákærða hæfilega ákveðin 8 mánuðir frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki ökuleyfisviptingu þessari.

Þá ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 30.000, og málsvarnarlaun skipuðum verjanda sínum, Ólafi Birgi Árnasyni hdl., kr. 50.000.

Af ákærvaldsins hálfu sótti málið Björn Helgason, saksóknari.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson, héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Wendel Birgisson, sæti fangelsisvist í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 26 dagar.

Ákærði greiði Brunabótafélagi Íslands kr. 811.143 og Guðmundi Knutsen kr. 41.978, í skaðabætur.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun ekki sviptingunni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í

ríkissjóð kr. 30.000, og málsvarnarlaun skipuðum verjanda hans, Ólafi Birgi Árnasyni hdl., kr. 50.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---